

4. skólaráðsfundur Bláskógaskóla í Reykholti, þriðjudaginn 25. apríl 2017, haldinn í bókasafninu í Reykholti kl. 14:30.

Mætt: Ásborg, Hildur, Ásta Kristjana, Hekla Hrönn (sem varamaður fyrir Aðalheiði) Kristín, Sölvi, Daníel, Drífa (situr fundinn að ósk skólastjóra) og Guðný Rósa. Herdís form. foreldrafélagsins boðaði forföll.

1. Skóladagatal fyrir skólaárið 2017-2018

Drög að skóladagatali fyrir árið 2017-2018 kynnt. Skóladagatalið er unnið í samvinnu grunnskólanna í Bláskógabyggð til að tryggja ákveðið samræmi í töflum, ekki síst að töflur séu samræmdar hvað varðar daga sem sameiginlegir nemendur eru í fríi. Skóladagatalið samþykkt af öllum fundarmönnum.

2. Nýtt fyrirkomulag valgreina unglingsstigs skólaárið 2017-2018 í samvinnu við Bláskógaskóla Laugarvatni, Kerhólsskóla og Flóaskóla.

Skólastjórnendur kynntu nýtt fyrirkomulag valgreina fyrir unglingsstig sem unnið er að undirbúningi í samvinnu við skóla í nágrenninu. Hugmyndin er sú að þrjár smiðjuhelgar í valgreinum komi í stað 2 kennslustunda á viku.

Kristín fór yfir ýmsa kosti þess að kenna valgreinar í smiðjum. Meðal annars er hægt er að bjóða upp á fjölbreyttari valgreinar, sérstaklega þær sem erfitt er að dreifa á 80 mín. í viku, s.s. útivistarismiðjur, hestaval, fab-lab námskeið, matreiðslu, o.fl. Þá er hægt að bjóða upp á námskeið sem utanaðkomandi kennarar geta kennt og einnig geta námskeiðin nýst einnig nýst kennurum í skólunum sem endurmenntun. Þar sem u.þ.b. 70-75 unglingar eru í þátttökuskólunum verður auðveldara að koma til móts við óskir sem flestra vegna fjöldans. Nemendur sem stunda nám eða tómstundir reglulega utan skólatíma geta þá fengið þær metnar inn í stað helgarsmiðjanna, ef þeir óska þess. Auk þessa myndu helgarsmiðjurnar auka samgang og viðkyrningu nemenda á unglingsstigi í litlum skólum á svæðinu. Fyrirmynd smiðjuhelganna er frá Grunnskóla Borgarfjarðar, en þar hafa verið reknar helgarsmiðjur með svipuðum hætti í u.þ.b. 10 ár. Smiðjuhelgarnar eru háðar samþykki foreldra. Fundarmenn voru hrifnir af hugmyndinni og sjá mikla kosti við að kenna val í smiðjum. Félagslega eru smiðjur mikils virði fyrir nemendur lítilla skóla.

3. Stytting almennrar skólaviku í 35 stundir vegna breytts fyrirkomulags valgreina á unglingsstigi.

Stytting kennsluviku unglingsstigs gerir okkur kleift að stytta kennsluviku 5.-7. bekkjar úr 37 tímum í viðmiðunartíma aðalnámskrár, 35 tíma. Frístundastarf nemenda á yngsta stigi styttist þá einnig um tvo tíma.

4. Fundur með foreldrum þriðjudaginn 2. maí kl. 20:00 í Aratungu og aðalfundur/stofnfundur foreldrafélags Bláskógaskóla Reykholti.

Sagt frá fyrirhuguðum kynningarfundum með foreldrum nemenda í Bláskógaskóla Reykholti þar sem kynnt verður breytt fyrirkomulag valgreina, stytting skólavikunnar, farið yfir niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið á skólahaldi, líðan nemenda og starfsmanna og viðhorfa foreldra.

Einnig verður sagt frá innleiðingu Grænánans í skólastarfið, en hún er nú í fullum gangi. Nemendur hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga og skólinn er kominn vel áleiðis í verkefninu.

5. Kynning á niðurstöðum ytra matsins.

Kristín sagði frá skólupúlsinum starfsmannakönnun og foreldrakönnun og svo ytra matinu sem gert var hér í febrúar og mars s.l.

Tafir urðu á skýrslu matsnefndarinnar vegna kærur sem kom í Menntamálaráðuneytið. Hanna Hjartardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir voru matsmenn komu í skólann sátu í kennslu og ræddu við alla aðila, stjórnendur, kennara, rýnihóp nemenda o.fl. Kristín fór yfir niðurstöður ytra matsins.

6. Önnur mál.

Umræða varð um þemaverkefni og gildi þeirra. Sölvi bendir á að það mætti lækka í skólabjöllunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.